

að eigi fær samrýmst meginstefnu íslensks skattaréttar og laga-  
túlkun hans. Þegar málefni þetta er rakið til rótar, sést, að í  
öllum aðalatriðum bera atvinnuvegirnir að lokum öll opinber  
gjöld.

Rétturinn fellst á þá skoðun gerðarbeiðanda, að löglega hafi  
verið að álagningu skattsins staðið. Samkvæmt 37. gr. laga nr.  
68/1971 bar gerðarpóla að skila skattframtali til skattayfirvalda.  
Skattfrelsi gerðarpóla var skilyrðisbundið samkvæmt ákvæðum  
skattalaganna, og var því nauðsynlegt, að skattayfirvöld ættu  
þess kost að fylgjast með því, hvort þeim skilyrðum væri full-  
nægt. Skattayfirvöldum var því heimilt skv. 37. gr. fyrrnefndra  
laga að áætla gerðarpóla tekjur og eignir og skatt fyrir árin 1974  
—1977 skv. 5 .gr. sömu laga, og hafa eigi verið leidd nein rök  
að því af hálfu gerðarpóla, að á tekjuáætlun þessari séu þeir ann-  
markar, er ógildingur varði.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinn-  
ar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðar-  
beiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 71/1981. Valdstjórnin  
gegn  
Ragnari Ingimundi Ágústssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-  
son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Með kæru 11. mars 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðilja er gefið að sök, að hann hafi ekið bifreið sinni með ólöglegum hraða norður Hafnarfjarðarveg í Kópavogi og síðan Kringlumýrarbraut í Reykjavík hinn 7. desember 1980. Tveir lögregluþjónar úr Kópavogi veittu honum eftirför á lögreglubifreið á leið þessari og stöðvuðu hann við Miklubraut í Reykjavík. Varnaraðili var kvaddur til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá lögreglunni í Reykjavík 2. febrúar 1981 og lögregluþjónar þeir, er að framan greinir, 2. og 6. s. m. Hinn 10. s. m. er skráð ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um, að varnaraðili skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 vegna ætlaðs brots á 26., 37., 49. og 50. gr. sömu laga. Þessi ákvörðun var birt varnaraðilja 26. s. m., og afhenti hann þá ökuskírteini sitt. Ákvörðun þessi ásamt gögnum máls virðist síðan hafa verið send sakadómi Reykjavíkur og móttekin þar 5. mars 1981.

Þegar varnaraðili var sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða samkvæmt framansögðu, voru liðnir um það bil tveir og hálfur mánuður frá því að hann var talinn hafa gerst sekur um hinn of hraða akstur. Þar sem svo langur tími var liðinn, án þess að lögreglustjóri teldi sér skylt að svipta varnaraðilja ökuleyfi, verður ekki séð með hliðsjón af verknaði þeim, sem honum var gefinn að sök, hver nauðsyn var á ökuleyfissviptingu til bráðabirgða. Verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfissviptingu hafi mátt biða dómsúrlausnar í máli varnaraðilja úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Reykjavík 10. febrúar 1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

## D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind bráðabirgðaökuleyfissvipting.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. mars 1981.**

Ár 1981, miðvikudaginn 11. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 7. desember sl., kl. 0324, voru lögreglumenn úr Kópavogi í eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni Y 3031, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 8988. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar, undirritaðri af Hilmarí Harðarsyni lögreglumanni og staðfestri af Eðvard Árnasyni, var bifreið þessari ekið allhratt vestur Fífuhvammaveg og beygt norður Hafnarfjarðarveg. Var bifreiðinni veitt eftirför, en ekki tókst að stöðva aksturinn, fyrr en hún stöðvaði við rautt umferðarljós á gatnamótunum við Miklubraut. Meðan á eftirförinni stóð, sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar allt að 125 km hraða miðað við klukkustund, en þó dró í sundur með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðarinnar R 8988, Ragnar Ingimundur Ágústsson, kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, en taldi sig ekki hafa ekið hraðar en 90 km hraða á klukkustund. Er akstur þessi átti sér stað, var náttmyrkur, bleyta og nokkur umferð.

Lögreglustjórinn í Reykjavík svipti Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða þann 10. febrúar sl., og var sú ákvörðun birt honum þann 26. febrúar sl. Með bréfi Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, dags. 5. þ. m., sem barst sakadómi þann 6. þ. m., er þess krafist, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um bráðabirgðasviptingu yfir skjólstæðingi hans, Ragnari Ingimundi Ágústssyni, verði úr gildi felld og honum afhent ökuskírteini sitt að nýju.

Lögreglumennirnir tveir, sem stóðu að framangreindri eftirför, voru yfirheyrðir um málið þann 2. og 6. febrúar sl. Var framburður þeirra á sama veg og atvikum er lýst í lögregluskýrslunni, sem rakin var hér að framan. Ber þeim báðum saman um, að ekki hafi náðst að mæla hraða bifreiðarinnar R 8988, meðan á eftirförinni stóð, enda þótt lögreglubifreiðinni hafi verið ekið á 125 km hraða á klst., og þó hefði dregið í sundur með bifreiðunum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 2. febrúar sl. kvaðst Ragnar Ingimundur Ágústsson hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar frá Fífuhvamsvegi að umferðarljósunum við Miklubraut og hafi mælirinn sýnt, að ekið var á 60 km hraða á klst. Mótmælti hann því að hafa ekið bifreiðinni hraðar en 60 km á klst. framangreinda leið og taldi því hraðamælingu lögreglunnar ranga.

Samkvæmt sakavottorði Ragnars Ingimundar Ágústssonar hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 3 mánuði.
- 1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.
- 1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941 (sæti upptöku á talstöð, Aircommand CB 140, 40 rása).
- 1980 10/9 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu svo og sakaferli Ragnars Ingimundar þykir ekki verða hjá því komist að staðfesta þá ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík að svipta Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða, enda virðist ekki hætta vera á því, að kærði verði fyrir réttarspjöllum, þar sem svo skammt er liðið frá því að framangreind ökuleyfissvipting var birt honum.

#### Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá 10. febrúar 1981, sem birt var 26. febrúar sl., um að svipta Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða er staðfest.